

LÖG

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Upplýsingar úr hlutafélagaskrá skal vera unnt að veita með rafrænum hætti.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að senda tilkynningar og fylgiskjöl til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og hefur það sama gildi og tilkynningar sem eru sendar á skriflegu formi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Upplýsingar úr hlutafélagaskrá skal vera unnt að veita með rafrænum hætti.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að senda tilkynningar og fylgiskjöl til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og hefur það sama gildi og tilkynningar sem eru sendar á skriflegu formi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.